

## Fundur foreldraráðs/félags haldinn 26. október

Mættir: Páll, Bæring, Lára, Eva Lind og Heiða leikskólastjóri

Heiða fór yfir hlutverk foreldrafélags og foreldraráðs og í stuttu máli var farið yfir hefðir sem hafa skapast s.s. jólaföndur, jólasvein, sveitaferð og leiksýningu fyrir börnin.

Rætt var um skiptingu í foreldraráð og félag og þar sem nokkuð margir komust ekki á fyrsta fund var ákveðið að halda þeirri umræðu áfram í gegnum tölvupóst. Þar var eftirfarandi samþykkt. Bæring (Þórhildur Anna – Sunnulundi) verður formaður foreldraráðs og aðrir í foreldraráði verða Elísabet (Rannveig Freyja – Stjörnulundi) og Páll (Sóley – Stjörnulundi). Formaður foreldrafélagsins verður Lára Rún (Kristján Orri – Sunnulundi), gjaldkeri verður Birgitta (Ólafur Helgi – Stjörnulundi og Patrekur Freyr – Geislalundi). Aðrir í foreldrafélagi eru Kristín (Ármann Darri – Geislalundi), Karenína (Alexander Leví – Geislalundi) og Eva Lind (Margrét Ebba – Sunnulundi og Halldór Kári Bjartalundi).

Ákveðið var að halda jólaföndri og var stofnaður facebook síða fyrir foreldrafélag/ráð þar sem hægt væri að skipuleggja föndrið. Sólveig og Magnea verða félaginu innan handar í jólaföndrinu sem var ákveðið 26. nóvember, á sama degi og jólaföndur í Sæmundarskóla.

Heiða fór yfir starfsmannamálin en erfitt hefur verið að ráða í lausar stöður. Hugsanlega gæti þurft að senda börn heim.

Ritari: Heiða